

Ed.

222. Nefndarálit

[133. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Landssmiðjuna.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á þremur fundum og sent það til umsagnar og á fund nefndarinnar komu forustumenn Landssmiðjunnar hf., hins nýja fyrirtækis sem stefnt er að að kaupi Landssmiðjuna. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Sex nefndarmenn leggja til að það verði samþykkt óbreytt. Undirritaður leggur til að það verði fellt.

Nefndinni barst umsögn um frv. frá Félagi járníðnaðarmanna þar sem lagt er til að það verði fellt. Sú umsögn fylgir hér með sem fylgiskjal.

Í frv. og fylgiskjölum þess er ekki að finna nein rök fyrir sölu Landssmiðjunnar enda mun frv. fyrst og fremst vera liður í þeirri stefnu núv. ríkisstjórnar að selja sem flest ríkisfyrirtæki, að því er virðist án tillits til þess hvort slíkt þjónar almannahagsmunum. Það er að mínu mati vafasöm stefna hjá ríkisstjórn að breyta eignarráðum á fyrirtækjum á stuttum valdaferli ef það þjónar ekki einhverjum tilgangi öðrum.

Frv. felur í sér uppgjöf við það verkefni sem unnið hefur verið að frá árinu 1979 að bæta starfsaðstöðu Landssmiðjunnar. Frumkvæði að þeim endurbótum á starfsaðstöðu fyrirtækisins, sem að var stefnt með byggingu nýs verkstæðishúss við Skútuvog, áttu stjórnendur og starfsfólk Landssmiðjunnar. Með fráhrarfi frá þessum áformum er miklum fjármunum og undirbúningsstarfi kastað á glæ.

Svo sem fram kemur í skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis í maí s.l. tjáði iðnaðarráðuneytið forráðamönnum Landssmiðjunnar að það væri fylgjandi því að unnið yrði að endurnýjun á húsakosti fyrirtækisins samkvæmt endurskoðaðri áætlun um byggingarframkvæmdir Landssmiðjunnar frá því í ágúst 1983. Skýrsla ráðherra um Landssmiðjuna fylgir hér með sem fylgiskjal. Stefnt var að byggingaráfanga sem hæfði núverandi starfsemi en jafnframt haldið opnum möguleikum til stækkunar síðar meir. Með þessari leið, ef farin hefði verið, má ætla að sú fjárfesting, sem liggur í núverandi grunni, um 66 millj. kr. á núv. verðlagi, hefði nýst í áföngum í því skyni sem gert var ráð fyrir í upphaflegum byggingaráformum. Alger óvissa ríkir um það hvort unnt er að fá sannvirði fyrir þessa fjárfestingu ef frv. verður að lögum. Fjármálaráðherra taldi jafnvel við 1. umr. um frv. að erfitt yrði að selja þennan grunn fyrir meira en brot, innan við 15% af því sem hann er skráður sem eign ríkissjóðs. Það er skoðun undirritaðs að uppbygging fyrirtækisins eftir nefndri áætlun hefði tryggt betur bæði fjármuni ríkisins og starfsemi Landssmiðjunnar.

Nauðsynlegt er að leita úrbóta varðandi rekstur ríkisfyrirtækja. Á það bæði við um rekstrarform og hagræðingu í starfseminni. Á hinn bóginn þarf að vanda sérhvert skref sem stigið er í þessum efnum og forðast handahófskennd og fljótfærnisleg vinnubrögð. Það var góðra gjalda vert að gefa starfsfólki Landssmiðjunnar kost á að kaupa fyrirtækið. En jafnframt hefði þurft að tryggja það að uppbygging eignarfyrirtækisins hefði verið á þann veg að starfsmenn hefðu þar ætíð eignar- og stjórnarrétt.

Stofnsamningur hlutafélagsins Landssmiðjunnar hf. tryggir það engan veginn að starfsmenn fyrirtækisins í framtíðinni verði eigendur að fyrirtækinu. Aðeins 22 af yfir 70 starfsmönnum eru aðilar að hlutafélaginu sem kaupir Landssmiðjuna. Nokkur deilumál eru uppi um réttindi þess fólks sem verður látið hætta störfum með tilkomu nýrra eigenda.

Það er skoðun undirritaðs að þetta frv. sé ekki nægjanlega undirbúið — aðalatriðið virðist vera að selja ríkisfyrirtækið Landssmiðjuna, án þess að það þjóni nokkru öðru markmiði en sölnunni einni. Ekki er leitað leiða í þá átt að nýta það fjármagn sem fyrirtækið á bundið í byggingaráfanga við Skútuvog. Tilraunaverkefni með nýja gerð fiskimjölsverk-smiðju hefur ekki verið leitt til lykta, né nýjum aðila falið verkefnið. Aðeins rúmlega fjórðungur starfsmanna hefur gerst eigendur hins nýstofnaða fyrirtækis sem kaupir Landssmiðjuna og engin trygging er fyrir því að nýir starfsmenn geti gerst eignar- eða stjórnaraðilar að fyrirtækinu, né að væntanlegir eigendur verði áframhaldandi starfsmenn. Undirritaður leggur því til að frv. verði fellt.

Alþingi, 5. des. 1984.

Skúli Alexandersson.

Fylgiskjal I.

UMSÖGN FÉLAGS JÁRNÞNAÐARMANNA

Iðnaðarnefnd efri deildar,
hr. form. Þorvaldur G. Kristjánsson,
Alþingi, 101 Reykjavík.

Reykjavík 20. nóv. 1984.

Iðnaðarnefnd efri deildar Alþingis hefur óskað eftir umsögn félags vors um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Landssmiðjuna.

Umsögn vor er þessi:

Ríkisfyrirtækið Landssmiðjan var stofnsett 1930 í þeim tilgangi að þjóna ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum varðandi málmsmíði og véla- og tækjaviðgerðir.

Starfsemi Landssmiðjunnar var við það miðuð að veita viðskiptaaðilum alhliða þjónustu þannig að ekki þyrfti að leita til annarra vegna einstakra verkefna í viðhaldi og nýsmíði.

Helstu ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, sem Landssmiðjan hefur þjónað á undanförunum áratugum, eru þessi:

Skipaútgerð ríkisins,
Landhelgisgæslan,
Hafrannsóknastofnunin,
Vita- og hafnamálastofnunin,
Vegagerð ríkisins,
Orkustofnun,
Rafmagnsveitur ríkisins,
Póstur og sími,
Ríkisspítalar,
Lögreglan,
Síldarverksmiðjur ríkisins,
Sementsverksmiðjan,
Áburðarverksmiðjan,
Kísiliðjan.

Á undanföllum tveim til þrem áratugum hafa ýmsar af þessum ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum dregið viðskipti sín frá Landssmiðjunni og sett upp eigin málmsmíða- og viðgerðarverkstæði eða keypt sér slíka þjónustu hjá einkafyrirtækjum. Slík dreifing smiðjureksturs ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja er tvímælalaust óhagkvæm m. a. með hliðsjón af nýtingu húsnæðis, mannafla og tækja- og verkfærabúnaðar. Af þessum ástæðum fyrst og fremst hafa starfsemi og umsvif Landssmiðjunnar dregist saman undanfarin ár.

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, sem óhjákvæmilega verða starfrækt áfram, munu framvegis þurfa, eins og hingað til, að fá þjónustu í málmsmíði og véla- og tækjaviðgerðum.

Það er álit vort að eðlilegast og hagkvæmast sé að eitt traust og vel búið ríkisrekið málmsmíða- og viðgerðarfyrirtæki veiti ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum alla málmsmíða- og viðgerðarþjónustu. Til þess var Landssmiðjan stofnuð á sínum tíma og ef öllum málmsmíða- og viðgerðarverkefnum fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki væri beint til hennar væri rekstrar- og starfsgrundvöllur traustur til nauðsynlegrar þjónustu við ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki. Við teljum því rangt að ríkið hætti rekstri Landssmiðjunnar og selji fyrirtækið. Í stað þess ber að endurskipuleggja rekstur og starfsemi fyrirtækisins í hagkvæmara húsnæði og með endurnýjuðum verkfæra- og tækjabúnaði og beina þangað viðskiptum annarra ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja sem þurfa að kaupa þjónustu í málmsmíði og véla- og tækjaviðgerðum.

Jafnframt verði starfsmönnum gefinn kostur á aðild að stjórn fyrirtækisins eins og víða er nú gert.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið mælum vér gegn samþykkt lagafrumvarps um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Landssmiðjuna.

Virðingarfyllt,
f.h. Félags járníðnaðarmanna,
Guðjón Jónsson formaður.

Fylgiskjal II.

ÚR SKÝRSLU IÐNAÐARRÁÐHERRA

til Alþingis um starfsemi ríkisfyrirtækja og hlutafélaga með ríkisaðild er tilheyra verksviði iðnaðarráðuneytisins, maí 1984 (þskj. 1036 á 106. löggjafarþingi, bls. 16—18).

LANDSSMIÐJAN

Landssmiðjan starfar eftir lögum nr. 102/1936. Fyrirtækið heyrir beint undir iðnaðarráðherra og hefur ekki lotið annarri formlegri stjórn.

Starfsemin er einkum almenn viðgerðarþjónusta, þjónusta við skipaflotann, nýsmíði á tækjabúnaði fyrir sjávarútveg og landbúnað, innflutningur á vélum og þjónusta í tengslum við þá starfsemi. Um helmingur tekna Landssmiðjunnar árið 1983 var af innflutningi og verzlun.

Í tíð fyrri ríkisstjórnar var ákveðin veruleg uppbygging á fyrirtækinu. Samkvæmt áætlunum var ákveðið að byggja 6 600 m² verkstæðishús (46 900 m³) við Skútuvog í Reykjavík. Þessi byggingaráform miðuðust við verulega aukningu á verkefnum fyrirtækisins í tengslum við fyrirhugaða skipaverkstöð í Kleppsvík.

Framkvæmdir hófust í ársbyrjun 1982, steyptir hafa verið sökklar og helmingur gólfplötu. Framkvæmdir stöðvuðust vegna fjárskorts á miðju ári 1982 og hafa að mestu legið niðri síðan.

Kostnaður vegna framkvæmdanna í Skútuvogi, framreiknaður til verðlags 31. desember 1983, er 57 731 þús. kr. og áhvílandi lán 39 800 þús. kr. Framkvæmdirnar eru ekki komnar á það stig, að þær séu nýtanlegar, og valda þær fyrirtækinu verulegri greiðslubyrði.

Í maí 1983 ákvað byggingarnefnd Landssmiðjunnar, að höfðu samráði við Iðnaðarráðuneytið, að endurskoða fyrri byggingaráform. Ástæðan var einkum sú, að forsendur fyrir byggingu svo stórs verkstæðishúss höfðu breytt mikið, ekki sízt vegna algerrar óvissu um byggingu fyrrnefndrar skipaverkstöðvar.

Endurskoðaðar tillögur um bygginguna lágu fyrir í ágúst 1983. Í þeim er gert ráð fyrir að byggja mun minna og ódýrara verkstæðishús. Tillögurnar miðast við að byggt verði í fyrstu 2 100 fermetra hús (um 13 500 rúmmetrar). Iðnaðarráðuneytið tjáði forráðamönnum Landssmiðjunnar, að það sé fylgjandi því, að unnið verði að endurnýjun á húsakosti fyrirtækisins á grundvelli þessarar endurskoðuðu áætlunar á meðan málið er í athugun. Ekki er ósennilegt að með öllu verði horfið frá þessum byggingaráformum.

Í tíð fyrri ríkisstjórnar var ákveðið að ríkissjóður keypti húseignir Landssmiðjunnar við Sölvhólsstötu. Var gengið frá yfirlýsingu milli fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, og iðnaðarráðherra, f. h. Landssmiðjunnar og Iðnaðarráðuneytisins, hinn 24. maí 1983, sem felur í sér afsal á húseignum Landssmiðjunnar, ásamt lóðarréttindum milli Skúlagötu, Klapparstígs og Sölvhólsstötu í Reykjavík, til ríkissjóðs.

Söluverð var 16 mkr. og skyldi það greiðast í áföngum á tveimur árum. Við samning þennan hefur eigi verið staðið af hálfu Fjármálaráðuneytisins og eru fyrrnefndar eignir skráðar í ársreikning Landssmiðjunnar 31. desember að upphæð 21 746 þús. kr.

Rekstur 1983.

Rekstur Landssmiðjunnar gekk sáemilega á árinu 1983 og varð hagnaður af starfseminni 4 mkr., samanbórið við 220 þús. kr. hagnað 1982. Það skal þó tekið fram, að vaxtakostnaður vegna nýbyggingar er ekki færður á rekstur, heldur sem hluti af kostnaði við nýbygginguna. En fjármagnskostnaður vegna nýbyggingarinnar nam um 18,5 mkr. á árinu, og er þar bæði um að ræða vaxtakostnað og uppfærslu á lánunum. Verðbreytingatekjur námu 7,4 mkr.

Velta fyrirtækisins í iðnrekstri jókst um 75,8% frá árinu 1982 og velta verzlunar um 59%.

Staða skv. rekstrarreikningi og efnahagsreikningi í árslok 1983:

	1983	Til samanburðar 1982
Rekstrartekjur	52 460 000	31 476 000
Rekstrargjöld	54 021 000	31 138 000
Fjármagnstekjur* (gjöld)	5 975 000	(118 000)
Hagnaður	4 038 000	220 000
Eignir	102 653 000	47 455 000
Skuldir	57 149 000	24 820 000
Eigið fé	45 504 000	22 634 000

*(Verðbreytingatekjur nema 7,4 mkr.)

Árið 1983 störfuðu að jafnaði 74 starfsmenn hjá fyrirtækinu. Forstjóri Landssmiðjunnar er Sigurður Daníelsson.

Tilraunaverksmiðja.

Haldið var áfram vinnu við þróun á nýrri aðferð við þurrkun á fiskimjöli, sem Landssmiðjan hefur unnið að síðustu 3 ár. Var þessi aðferð kynnt í Flórída í nóvember á þingi alþjóðasamtaka fiskimjölsframleiðenda.

Prófun á fyrsta áfanga tækjabúnaðarins mun verða gerð í apríl og maí 1984. Framreiknuð lán vegna þessara tilrauna, hönnunar og tilraunasmíði, voru í árslok 1983 kr. 2 911 099 og er það um helmingur tilkostnaðar.

Við þetta verkefni hefur Landssmiðjan notið tæknilegrar aðstoðar ýmissa aðila, svo sem Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, og fjárhagslegs stuðnings frá Iðnþróunarsjóði og Iðnrekstrarsjóði.

Horfur í rekstri 1984.

Stöðugleiki í verðlagi á síðustu mánuðum virðist hafa haft örvandi áhrif á framkvæmdir er snerta járníðnað. Þá má geta þess, að innheimta útistandandi reikninga gengur betur. Hins vegar veldur sú greiðslubyrði, sem orsakast af nýbyggingarframkvæmdum við Skútuvog 7, fyrirsjáanlegum erfiðleikum í rekstri Landssmiðjunnar verði ekkert að gert.

Unnið er að tillögum um úrbætur í rekstri fyrirtækisins á vegum iðnaðarráðuneytisins. Hefur iðnaðarráðherra lýst því yfir við starfsfólk Landssmiðjunnar, að hann hafi hug á, að starfsfólkið kaupi fyrirtækið. Hinn 24. febrúar 1984 stofnuðu 54 starfsmenn Landssmiðjunnar félag til að kanna grundvöll fyrir kaupum á fyrirtækinu.

Viðræðunefnd þeirri, er sá um sölu á Siglósið, hefur verið falið að sjá um viðræður vegna hugsanlegrar sölu á Landssmiðjunni. Nefndina skipa: Halldór J. Kristjánsson, deildarstjóri í iðnaðarráðuneytinu, formaður, Gunnlaugur Claessen, deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, og Guðmundur Malmquist, hdl., í Framkvæmdastofnun ríkisins.